

FUNDARGERÐ

Fundur nr. 60 í stjórn Herjólfss ohf., haldinn 27. ágúst 2020 kl. 20:00

í fundarsal Hótel Vestm.

Mættir voru: Agnes Einarsdóttir, Aníta Jóhannsdóttir, Arndís Bára Ingimarsdóttir, Arnar Pétursson, Guðlaugur Friðþórsson, Páll Þór Guðmundsson og Guðbjartur Ellert Jónsson framkvæmdastjóri. Agnes Einarsdóttir sat fund gegnum síma. Birna Vídó Þórsdóttir boðaði forföll.

Til fundarins var boðað með tölvupósti. Engar athugasemdir bárust varðandi boðunina.

Á dagskrá fundarins voru þrjú dagskrárliðir:

1. Kjaradeilur – Fundur með ríkissáttasemjara.

Framkvæmdastjóri kynnti stjórn stöðuna í kjaradeilu við undirmenn í Sjómannafélagi Íslands (SÍ) og fór yfir fund sem hann átti ásamt fulltrúum SA og SÍ hjá ríkissáttasemjara. Niðurstaða fundarins var að aðilar gera með sér samkomulag um frestun viðræðna vegna mikillar óvissu um rekstur í núverandi aðstæðum. Viðræður verða teknar upp að nýju í lok september

Niðurstaða: Stjórn þakkar framkvæmdastjóra góða yfirferð. Stjórn lýsir yfir ánægju með að aðilar máls hafi ákveðið að fresta viðræðum enda óvissan í rekstri félagsins slík að svigrúm til breytinga er ekkert.

2. Starfsmannamál. - Trúnaðarmál

Fært í sérstaka trúnaðarfundargerð sem fylgir fundargerð þessari.

3. Uppgjör og uppfærð rekstraráætlun fyrir 2020 – einstaka liðir.

Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri fóru yfir einstaka útgjaldaliði úr uppgjöri síðustu mánaða sem ekki hafa verið í samræmi við áætlanir.

Niðurstaða: Framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram og fara yfir á næsta fundi.

4. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Næsti stjórnarfundur er áætlaður 30. ágúst 2020.

Ekki annað rætt.

Fundargerð ritaði Aníta Jóhannsdóttir.